

Siglingavernd á Íslandi

Stefán Alfreðsson
fagstjóri siglingaverndar

Skilgreiningar

- SIGLINGAVERND (Maritime Security)
„ Siglingavernd nefnast allar fyrirbyggjandi ráðstafanir sem ætlaðar eru til að vernda sjóflutninga, skip, hafnir, farm, útgerðir og viðeigandi fyrirtæki gegn hryðjuverkum eða ógn sem stafar af vísvitandi ólögmætum aðgerðum.”
- HAFNAVERND (Port Security)
- „ Ráðstafanir til að tryggja vernd hafnaraðstöðu gegn hvers kyns ógn af hryðjuverkum eða öðrum ólögmætum aðgerðum“
- Siglingavernd er fyrst og fremst forvarnarstarf



Siglingavernd grundvallast á

- Alþjóðareglum (IMO)
- Evrópureglum (ESB)
- Íslenskri löggjöf



Siglingavernd – almennt

- Siglingavernd (hafnavernd-skipavernd-farmvernd)
- ISPS kóðinn
- Yfirvöld
 - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
 - Samgöngustofa
 - Ríkislögreglustjóri
 - Tollstjóri
 - Landhelgisgæslan
- Aðildarhafnir
 - 33 hafnir (24 rekstraraðilar) með 55 vottaðar hafnaraðstöður
- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)



Siglingavernd

- Mikið Alþjóðasamstarf
- Evrópusamstarf
- Norðurlandasamstarf




Framkvæmd siglingaverndar/hafnaverndar

Verndarráðstafanir skiptast í 4 meginþætti:

- Afmörkun svæða (lokun svæða)
- Aðgangsstýring
- Eftirlit með fólki, vörum, vistum og farangri
- Vöktun

Samskipti hafnar og skips





Eigin úttektir á siglingavernd og endurskoðun verndaráætlunar

- Eigin (innri) úttekt á siglingavernd
 - Einu sinni á ári
- Eigin endurskoðun verndaráætlunar
 - Einu sinni á ári
- Tilkynningaskylda til Samgöngustofu
 - Tilkynna þarf niðurstöður úttekta og endurskoðun verndaráætlunar til Samgöngustofu fyrir 1. desember ár hvert



Fræðsla – þjálfun – æfingar

- Fræðsla
- Æfingar (drills)
 - Skal fara fram á 3ja mánaða fresti að lágmarki þ.e. a.m.k. 4 sinnum á ári
- Stóræfingar (exercises)
 - Skulu fara fram að minnsta kosti einu sinni á hverju almanaksári en þó mega ekki líða meira en 18 mánuðir milli æfinga



Áhættumat og verndaráætlun

- Áhættumat og verndaráætlun fyrir hafnaraðstöður
 - Evrópureglugerð nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu
 - Á við um hafnaraðstöður (ekki höfnina í heild)
 - Hefur með tengsl hafnaraðstöðu og skipa að gera
- Áhættumat og verndaráætlun fyrir hafnir
 - Evróputilskipun 2005/65/EC um að efla hafnarvernd
 - Á eingöngu við um höfn í heild sinni og innbyrðis tengsl hafnaraðstaða en hefur ekkert með tengsl hafna og skipa að gera
- Í raun er um tvöfalt kerfi að ræða



Eftirlitsstofnun EFTA

- Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur eftirlit með framkvæmd siglingaverndar á Íslandi og í Noregi
- ESA hefur gert úttektir á framkvæmd siglingaverndar á Íslandi árlega frá árinu 2008
- Almennt gerir ESA úttektir á höfnum/hafnaraðstöðum
- ESA gerir einnig sérstakar úttektir á Samgöngustofu (áður Siglingastofnun) og hafa 3 slíkar úttektir farið fram hingað til eða árin 2008, 2013 og 2016

Eftirlitsstofnun EFTA

- Úttektir ESA eru að jafnaði ótilkynntar þ.e. þeir aðilar sem úttekt er gerð á fá ekki að vita um viðkomandi úttekt fyrirfram
- Athugasemdir ESA beinast ávallt að Samgöngustofu sem ber ábyrgð á því að framkvæmd siglingaverndar á Íslandi sé samkvæmt lögum og reglum

Eftirlitsstofnun EFTA

- Helstu athugasemdir (frávik) í úttektum ESA
 - Æfingum og stóræfingum ekki sinnt nægilega vel þ.e. fjöldi æfinga/stóræfinga ekki nægur
 - Aðgangsstýringu ábótavant
 - Eigin (innri) úttektum verndarfulltrúa á siglingavernd og verndaráætlun ekki sinnt nægilega þ.e. tíðni ekki nægileg
 - Skráningu ábótavant



U.S. Coast Guard

- U.S. Coast Guard (Bandaríska strandgæslan) fylgist vel með stöðu siglingaverndarmála um allan heim
- Hafa fulltrúar U.S. Coast Guard komið árlega í heimsókn til landsins til að kynna sér stöðu siglingaverndarmála á Íslandi og heimsækja stofnanir og hafnir



Staða siglingaverndar á Íslandi

- Staðan er mjög svipuð og í öðrum Evrópulöndum
- Samkvæmt áhættumati ríkislögreglustjóra er áhætta varðandi hryðjuverk metin lítil á Íslandi
- Helstu vandamál
 - Aðgangsbrot þ.e. fólk sem fer í óleyfi inn á hafnarsvæði
 - Laumufarþegar í skipum



Breytingar á lögum um siglingavernd nr. 50/2004

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd og lögum nr. 60/1998 um loftferðir (bandormur) hefur verið í smíðum í nokkur ár og verið lagt fram á alþingi a.m.k. einu sinni ef ekki oftast en aldrei komist í gegnum þingið
- Breytingarnar lúta aðallega að reglum varðandi bakgrunnsathuganir, refsingum og heimildum til beytingu á dagsektum og stjórnvaldssektum

Breytingar á lögum um siglingavernd nr. 50/2004

- Refsivert verður
 - að fara heimildarlaust inn á haftasvæði, höfn eða hafnarsvæði sem aðgangur hefur verið takmarkaður eða bannaður að (8. gr. 2. mgr.)
 - að fara um borð í skip án heimildar, taka sér far eða gera tilraun til þess að gerast laumufarþegi með skipi í eða úr íslenskri lögsögu (8. gr. 3. mgr.)
- Samgöngustofu verður heimilt að leggja á dagsektir og stjórnvaldssektir á eftirlitsskylda aðila sem ekki fylgja ákvæðum laga, reglugerða eða annarra reglna sem gilda um starfsemi þeirra og varða siglingavernd (14. gr. a)

Siglingavernd varð 10 ára
þann 1. júlí 2014

Hátíðarræða í tilefni af 10 ára afmæli
Evrópureglugerðar nr. 725/2004

1. júlí 2014

